

# Fundur í umhverfisnefnd

23. maí 2017, kl. 11 í miðrymi á 2. hæð.

**Mættir:** *Lea, Aron, Stormur, Hrafnhildur, Heiða, Ísold, Hugdís, Helga Laufey, Erna, Ragna.*

## Viðfangsefni næsta vetrar

- Farið var yfir þau þemu sem listuð eru upp á heimasíðu Grænfánaverkefnisins. Eftir lestur og spjall töldu nemendur mikilvægt að halda áfram með neyslu og úrgangsbema þar sem ýmislegt á markmiðsáætlun væri enn í vinnslu eða ætti eftir að hrinda í framkvæmd. Nefndu þau vigtun á matarafgöngum og skiptifatamarkaðinn sem áætlað er að hafa í haust. Einngi stungu nemendur upp á að taka fyrir lýðheilsuþema og var það samþykkt af öllum.

## Umhverfis dagar

- Rætt var um umhverfis dagana og hvernig þeir tókust. Voru fulltrúar ánægðir með framkvæmd þeirra og glaðir með allt sem þeir náðu að gera, t.d. matjurtagarðinn sem þeir voru búinir að skipuleggja fyrir tveimur árum. Smíðastöðin var að margra mati mjög skemmtileg.

## Matarsóunarverkefni

- Komið hefur í ljós að matarsóun hefur minnkað mikið í leikskóladeild frá því vigtun hófst en það er dagamunur í grunnskóladeildinni. Allt frá tveimur til rúmlega þremur kílóum á viku.
- Ákveðið var á fundinum að halda áfram vigtun í haust.

## Gátlistar

- Gátlistar til að minna á ýmisa þætti í umgengni hafa verið notaðir á grunnskólastiginu frá í apríl og er það hlutverk bekkjarfulltrúanna að merkja á þá. Ákveðið var að halda áfram með þá næsta haust og láta leikskólafulltrúana fá líka.

Fundi slitið 11:40  
Fundagerð ritaði Ragna Björnsdóttir